

AUGLÝSING

um listabókstafi stjórnmálasamtaka.

Ráðuneytið hefur ákveðið listabókstafi stjórnmálasamtaka sem ekki hafa skráðan listabókstaf, sbr. auglýsingu nr. 56 1. febrúar 1991, sem hér segir:

- E Verkamannaflokkur Íslands.
- F Frjálslyndir.
- H Heimastjórnarsamtökin.
- T Samtök öfgasinnaðra jafnaðarmanna.
- Z Grænt framboð.

Þá hefur ráðuneytið skráð breytingu á heiti stjórnmálasamtaka sem hafa skráðan listabókstaf, sem hér segir:

- A Alþýðuflokkur – Jafnaðarmannaflokkur Íslands.
- P Þjóðarflokkur – Flokkur mannsins.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 10 19. mars 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. apríl 1991.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

26. mars 1991

Nr. 149

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 496/1990 um Kennaraháskóla Íslands.

1. gr.

Orðið „endurmenntunarstjóri“ í 4. ml. 2. mgr. 16. gr. falli niður.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr töluliður, 3., svohljóðandi:

Deildarráð og skorarstjórnir, sbr. 12., 13., 14. og 15. gr., sem kosið er til í fyrsta sinn eftir gildistöku reglugerðar nr. 496/1990, skulu taka til starfa strax að lokinni kosningu.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. heimild í 43. gr. l. nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 26. mars 1991.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.